

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Reykholahreppur
Maríutröð 5a
380 Reykholahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. nóvember 2015
UST201510-002/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Tröllenda í Flatey

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykholahrepps er barst 1. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis að Tröllenda.

Skilmálar deiliskipulags

Á ofangreindu athafnasvæði við ferjuhöfn Flateyjar er komið fyrir fjórum byggingarlóðum. Skilgreind er lóð fyrir gamlan skúr, vatnstank, olíutank, mastur og lóð undir nýbyggingu norðaustast á svæðinu.


Skilmálar fyrir nýtt starfsmannahús eru þeir að á lóðinni má reisa 120 m² hús á einni hæð með risi 15 – 20° halla. Þak skal klætt torfi. Að mati Umhverfisstofnunar eru áætlanir um starfsmannahús þannig að framkvæmdir eru lagaðar að umhverfinu. Að mati stofnunarinnar er byggingarreitir óþarflega stór, en þar sem skýr fyrirmæli eru um hvað má byggja á lóðinni ætti það ekki að koma að sök.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir sé jafnframt hugað að því sem betur má fara, s.s. hreinsa allt óþarfa rusl af svæðinu og uppfæra eldri fráveitur sem ekki eru í samræmi við ofangreinda reglugerð.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri